



Almennir skilmálar fyrir markaðs- viðskipti hjá Byr

Skilmálar þessir eru 8 síður. Viðskiptavinur skal setja upphafsstafi sína á bls. 1 – 7 og undirrita þá á síðu 8 þar sem jafnframt skal fylla út upplýsingar um viðskiptavin. Ef viðskiptamaður er lögaðili skal Byr afhent umboð um heimildir starfsmanna til að eiga viðskipti fyrir hönd viðskiptavinar. Umboðið skal uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í viðauka 1 á bls 9. Ekki er hins vegar skylt að nota það og má t.d. senda staðlað umboð (undirskriftabók) enda uppfylli skjalið þær kröfur sem gerðar eru í viðauka 1.

ALMENNIR SKILMÁLAR FYRIR MARKAÐSVIÐSKIPTI HJÁ Byr

1. Efni og tilgangur

1.1. Í skilmálum þessum er fjallað um þá almennu skilmála sem gilda í viðskiptum Byr, kt. 620410-0200, Borgartúni 18, 105 Reykjavík, hér eftir nefnt Byr, og viðskiptamanna sem eiga markaðsviðskipti við Byr.

1.2. Byr hefur starfsleyfi sem sparisjóður sem veitt er af Fjármálaeftirlitinu og sætir eftirliti Fjármálaeftirlitsins í samræmi við lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

1.3. Sú krafa er gerð af hálfu Byr að viðskiptamenn undirriti skilmálana áður en þeir eiga markaðsviðskipti, eða frekari markaðsviðskipti, við Byr.

1.4. Vakin er athygli viðskiptamanns á því að Byr hefur sett sér verklagsreglur um verðbréfavíðskipti. Byr hefur einnig sett sér verklagsreglur um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla í samræmi við 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti (aðgengileg á vefslóðinni www.by.is) og reglur um hagsmunaaðrekstra í samræmi við 8. gr. laga um verðbréfavíðskipti (samantekt aðgengileg á vefslóðinni www.by.is).

1.5. Þá er vakin athygli á því að Byr gerir kröfu um að stjórnir félaga undirriti skilmálana fyrir þeirra hönd og gefi þeim starfsmönnum félaganna sem þeir óska, umboð til þess að eiga viðskipti við Byr samkvæmt skilmálunum. Í viðauka 1 með skilmálunum má finna dæmi um slíkt umboð. Í umboðinu skal einnig tilgreina símanúmer og/eða netföng sem ætlast er til að Byr noti í samskiptum sínum við viðskiptamanninn.

2. Gildissvið

2.1. Skilmálar þessir gilda um öll markaðsviðskipti sem eiga sér stað milli Byr og viðskiptamanns, svo sem skammtímalánveitingar, gjaldyrisviðskipti, afleiðuviðskipti og kaup og sölu fjármálagerninga og tengda þjónustu. Markaðsskilmálar þessir gilda til viðbótar við alla þá samninga sem viðskiptamaðurinn kann að gera við Byr. Fari svo að misræmi sé milli skilmála þessara og einstakra samninga skulu samningarnir gilda.

3. Upphaf viðskipta

3.1. Ef viðskiptamaður hefur við undirritun skilmála þessara ekki áður stofnað til viðskipta hjá Byr ber Byr, samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006, að krefjast þess að viðskiptamaður sanni á sér deili við upphaf viðskiptasambands.

3.2. Til að uppfylla ákvæði laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, áskilur Byr sér rétt til að afla allra þeirra gagna sem nauðsynleg eru að mati Byr, um viðskiptamann, raunverulegan eiganda og þá fjármuni sem hann hyggst vera með í vörslu hjá Byr eða stunda viðskipti með við Byr.

3.3. Með undirritun sinni á skilmálana staðfestir viðskiptamaður að þeir fjármunir sem hann afhendir Byr eru í hans eigu. Óski hann eftir, við stofnun viðskipta eða síðar, að leggja fram fjármuni í eigu annarra skal hann tilkynna Byr um slíkt skriflega og geta Byr þá krafist allra nauðsynlegra gagna í því sambandi.

3.4. Óski viðskiptamaður eftir að kaupa eða selja fjármálagerninga eða sé honum veitt ráðgjöf í tengslum við fjármálagerninga sem ekki eru einfaldir fjármálagerningar í skilningi laga um verðbréfavíðskipti, er viðskiptamanni skylt að gangast undir sérstakt mat af hálfu Byr í samræmi við reglur Byr og ákvæði 15. eða 16. gr. laga um verðbréfavíðskipti og veita Byr ákveðnar upplýsingar í því sambandi. [Uppfylli viðskiptamaður kröfur Byr skal hann undirrita sérstaka yfirlýsingu vegna kaupa á flóknum fjármálagerningum og verður sú yfirlýsing hluti af skilmálum þessum við undirritun hennar.]

3.5. Undirritun skilmála þessara felur í sér að viðskiptamaður veitir Byr umboð til að stofna VS reikning og flytja rafbréf af VS-reikningi í umsjón VS eða annarrar reikningsstofnunar yfir á VS-reikning í umsjón Byrs sé það nauðsynlegt vegna viðskipta Byrs og viðskiptamanns.

4. Framkvæmd viðskipta og samskipti aðila

4.1. Samningar geta komist á og viðskiptamanni er heimilt að beina fyrirmælum til Byrs, hvort sem er skriflega, með símtali, símbréfi (faxi) og/eða með tölvupósti og eru slíkir samningar og fyrirmæli skuldbindandi án tillits til forms þeirra. Byr er heimilt að hljóðrita símtöl, án sérstakrar tilkynningar í hvert sinn. Upptökurnar eru gerðar samkvæmt heimild í 48. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Mögulegt er að slíkar hljóðritanir verði notaðar sem sönnunargögn á opinberum vettvangi þ.m.t. fyrir dómi, komi upp ágreiningur á milli aðila. Takmarkanir geta verið á gildi fyrirmæla sem gefin eru í gegnum MSN eða sambærileg samskiptaforrit. Alla samninga, þ.m.t. stundarviðskipti með gjaldyri eða verðbréf, skiptasamninga, framvirka samninga, skortsamninga o.s.frv., staðfestir Byr einhliða með símbréfi eða tölvupósti sem sent er til viðskiptamanns. Viðskiptamaður telst hafa samþykkt slík viðskipti ef hann gerir ekki athugasemd innan tveggja daga frá því að Byr sendir tilkynningu til hans. Ef viðskiptamaður gerir athugasemd skal símbréf, tölvupóstur eða upptaka í síma, sé hún til staðar, gilda sem sönnun fyrir skilmálum viðskipta.

4.2. Viðskiptamaður skuldbindur sig til að senda undirrituð frumrit samninga til Byr innan þriggja daga frá því að samningar komust á. Engin frumrit eru send vegna stundarviðskipta með gjaldeyri og verðbréf nema sérstaklega sé óskað eftir slíku.

4.3 Viðskiptamanni er heimilt að veita þriðja aðila umboð til að gera samninga fyrir sína hönd, svo fremi að umboðið sé skrifleg og fullnægjandi að mati Byrs. Umboðið skal hafa að geyma rithandarsýnishorn umboðsmanns og gilda þar til Byr hefur borist skrifleg tilkynning um breytingu á umboðinu eða niðurfellingu þess eða gildistími umboðsins rennur út. Ef viðskiptamaður er lögaðili skal umboðið staðfest af stjórn lögaðilans.

4.4. Viðskiptamanni er heimilt að gefa Byr öll þau fyrirmæli um viðskipti sem rúmast innan gildissviðs skilmála þessara, eins og það er skilgreint í grein 2.1. Viðskiptamaðurinn á þó ekki einhliða kröfu um að einstakir samningar séu gerðir á grundvelli skilmála þessara þó að Byr hafi undirritað þá.

4.5. Samskipti Byrs og viðskiptamanns skulu fara fram á íslensku hafi Byr og viðskiptamaður ekki komist að samkomulagi um annað.

4.6. Hvers kyns tilkynningar sem Byr þarf að senda viðskiptamanni skulu teljast sendar á réttan stað hafi þær verið sendar á heimilisfang eða tölvupóstfang eða símbréfnúmer sem viðskiptamaður hefur gefið upp, nema Byr sé greinilega ljóst að sending hefur ekki tekist. Viðskiptamaður ber ábyrgð á því ef netþjónn eða símbréfstæki hans kemur ekki tölvupósti eða símbréfi til skila, t.d. vegna bilana í tölvukerfi eða símbréfstæki. Tilkynning í símtali telst þegar komin til vitundar viðskiptamanns. Viðskiptamaður skal tilkynna Byr um leið og breyting verður á heimilisfangi hans, símanúmeri, tölvupóstfangi eða öðrum sambærilegum upplýsingum sem viðskiptamaður hefur látið Byr í té. Viðskiptamaður skal beina tilkynningum til Byrs skriflega á Borgartúni 18, 105 Reykjavík, með faxi í númer 575-4401 eða á netfang Byr@Byr.is eða annað það fax númer eða netfang sem Byr kann að hafa gefið viðskiptamanni.

4.7. Viðskiptamaður lýsir því yfir að hann hafi reglulegan aðgang að veraldarvefnum og samþykkir að Byr kann og mun í framtíðinni veita viðskiptavini upplýsingar í gegnum veraldarvefinn. Upplýsingar sem Byr mun veita á veraldarvefnum eru til að mynda eftirfarandi: a) upplýsingar um markaði þar sem viðskipti eru framkvæmd og breytingar á stefnu Byrs um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla; b) markaðsskilmála þessa; c) þá þjónustu sem Byr býður upp á, á hverjum tíma og d) gjaldskrá Byrs.

4.8. Viðskiptamaður áttar sig á að samskipti með tölvupósti eru ekki örugg og geta óviðkomandi aðilar komist yfir og inn í slík samskipti. Byr verður ekki gert ábyrgt fyrir tjóni sem viðskiptamaður kann að verða fyrir vegna samskipta með tölvupósti.

4.9. Uppgjör viðskipta með verðbréf skal fara fram í samræmi við þær reglur sem gilda á þeim verðbréfamarkaði þar sem viðkomandi verðbréfa er aflað eða þar sem þau eru skráð.

5. Fjárvarsla

5.1. Byr mun sjá til þess að eignir viðskiptamanns verði aðskildar eignum Byrs og verndaðar frá kröfuhöfum Byrs eins vel og mögulegt er í samræmi við þær skyldur sem á hann eru lagðar í lögum um verðbréfavíðskipti og viðeigandi reglugerð. Lendi Byr í greiðsluferfiðleikum verður inneign viðskiptamanns tryggð í samræmi við reglur laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999.

5.2. Byr er heimilt að láta þriðja aðila f.h. Byrs annast vörslu verðbréfa og annara fjármuna viðskiptamanns. Réttarsamband Byrs og viðskiptamanns helst óbreytt þrátt fyrir að Byr nýti þessar heimildir. Viðskiptamaður er meðvitaður um að erlend verðbréf viðskiptamanns eru varðveitt á safnreikningi hjá þriðja aðila og veitir Byr jafnframt heimild til að varðveita íslensk verðbréf viðskiptamanns á safnreikningi.

6. Skuldfærsla reikninga og gjaldtaka

6.1. Ef krafa Byrs á hendur viðskiptamanni er ekki greidd á gjalddaga, eða eftir atvikum á gjaldfellingardegi, hefur Byr haldsrétt í þeim verðbréfum og því reiðufé sem er á vörslureikningi viðskiptamanns hjá Byr á hverjum tíma. Byr er einnig heimilt að skuldfæra reikning viðskiptamanns hjá Byr og gera þannig kröfuna upp. Gjalddagi ákvarðast ýmist samkvæmt samningi eða uppgjörsvenju.

6.2. Byr áskilur sér þóknunar og gjöld fyrir veitta þjónustu í samræmi við gjaldskrá Byrs eins og hún er á hverjum tíma. Viðskiptamaður getur nálgast gjaldskrá Byrs á heimasíðu Byrs, www.byr.is. Gjöld og þóknunar geta þó verið háð einstaka samningum við viðskiptamann. Gjöld og þóknunar ber viðskiptamanni að greiða þegar Byr gerir kröfu um það og telst sá dagur gjalddagi sé ekki um annað samið. Með undirritun sinni á skilmála þessa fellst viðskiptamaður á slíka gjalddöku og heimilar jafnframt að reikningur hans sé skuldfærður vegna hennar.

6.3. Viðskiptamanni ber að greiða alla skatta og opinber gjöld sem lögð eru á vegna viðskipta hans við Byr. Ef erlend bréf bera stimpilgjald bætist það á upphafsþóknun viðskiptamanns.

6.4. Annar kostnaður sem kann að koma til vegna markaðsskilmála þessara, m.a. vegna símtala, símbréfa og bréfasendinga, greiðist af viðskiptamanni sbr. gjaldskrá Byrs sem aðgengileg er á vefslóðinni www.byr.is.

7. Tryggingar

7.1. Viðskiptamaður skal leggja fram þær tryggingar sem Byr kann að krefjast og metur fullnægjandi til tryggingar skilvísingum og skaðlausum greiðslum, hvort sem er vegna einstakra samninga eða allsherjartryggingu. Í þeim tilvikum skal ávallt gerður sérstakur skriflegur samningur, s.s. handveðssamningur eða gefið út tryggingarbréf, og telst slíkur samningur þá hluti af þeim samningi/samningum sem hann stendur til tryggingar fyrir.

7.2. Viðskiptamaður skuldbindur sig til að undirrita öll skjöl í tengslum við tryggingartöku.

7.3. Viðskiptamanni er óheimilt án samþykkis Byrs að framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti þeim tryggingum sem hann hefur sett Byr að veði.

7.4. Leggi viðskiptamaður fram innstæðu á bankareikningi sem tryggingu skal reikningurinn vera í vörslu Byrs. Tryggingar viðskiptamanns lagðar fram í formi rafbréfa skulu veðsettar á VS-reikningi viðskiptamanns hjá Byr. Leggi viðskiptamaður fram verðbréf á pappírformi sem tryggingu skulu verðbréfin vera í vörslu Byrs. Verði slík bréf (á pappírformi) síðar skráð rafrænni eignarskráningu felst í undirritun viðskiptamanns á skilmála þessa umboð til handa Byr til þess að stofna VS-reikning í nafni viðskiptamanns, færa bréfin á reikninginn og skrá þau veðsett Byr. Þrátt fyrir framangreint getur Byr samið svo um við viðskiptamann að tryggingar (innstæða á bankareikningi, rafbréf eða verðbréf á pappírformi) séu í vörslu annars fjármálafyrirtækis.

7.5. Byr leggur mat á verðmæti trygginga og hvort þær teljist fullnægjandi. Skal mat Byrs talið gilda enda sé ekki um annað samið í veðsamningi. Við mat á verðmæti trygginga tekur Byr m.a., en ekki eingöngu, mið af markaðsverðmæti viðkomandi eigna sem er endurmetið reglulega. Byr áskilur sér sérstaklega rétt til að reikna út frádrag (e. Haircut) við útreikning á verðmæti trygginga samkvæmt reglum Byrs hverju sinni. Þar sem verðmæti trygginga getur tekið fyrirvaralausum breytingum, einkum ef tryggingar eru í formi fjármálagerna, er viðskiptamanni ljóst að endurmat getur leitt til þess að krafist verði viðbótartrygginga.

7.6. Ef samningur kveður á um að verðmæti trygginga skuli ávallt vera yfir ákveðnu viðmiði, hvort heldur sem miðað er við verðmæti framlagðra trygginga (t.d. tiltekinn fjármálagerning) eða tap viðskiptamanns af samningum (t.d. afleiðusamninga), og hafi verðmæti trygginga lækkað niður fyrir hið tilgreinda viðmið eða tap viðskiptamanns orðið meira en hið tilgreinda viðmið, þá skal viðskiptamaður leggja fram viðbótartryggingar þannig að umsömdu viðmiði verði náð á ný.

7.7. Setji Byr fram kröfu um tryggingar eða viðbótartryggingar skal viðskiptamaður verða við kröfu Byrs innan tveggja (2) bankadaga frá því að Byr hefur sett fram slíka kröfu. Byr kann þó að setja skemmri frest, jafnvel krefjast trygginga samdægurs og skal viðskiptamaður þá verða við slíkri beiðni.

7.8. Kröfur um tryggingar eða viðbótartryggingar getur Byr sett fram skriflega, í síma, með símbréfi (faxi) eða tölvupósti, sbr. grein 4.1.

8. Óskráðar afleiður

8.1. Í viðskiptum með óskráðar afleiður þegar undirliggjandi verðbréf eru hlutabréf eða skuldabréf, gilda eftirfarandi reglur um meðferð hluta, greiðslur og atkvæðisrétt:

a) **Arður/vextir/afborgun:** Ef greiddur er út arður/vextir/afborgunir á undirliggjandi verðbréf á samningstímabilinu skulu slíkar greiðslur renna til þess aðila sem á kröfu á gagnaðila um afhendingu verðbréfs á lokadegi samnings. Arðgreiðslur/vaxta-greiðslur/afborgun skulu/skal framreiknaðar/uð á grunnvöxtum Libor, Euribor eða Reibor, eftir því í hvaða gjaldmiðli viðkomandi verðbréf eru gefin út í, frá greiðsludegi arðsins/vaxta/afborgunar fram til lokadags. Framreiknuð fjárhæð skal koma til frádráttar skuldbindingu kaupanda hluta. Ef sá aðili er viðskiptamaður skal andvirði arðgreiðslu/vaxtagreiðslu/afborgunar varðveitt af Byr og notað til lækkunar á skuldbindingu viðskiptamanns gagnvart Byr á lokadegi.

b) **Lækkun hlutfjár:** Ef hlutfé í útgefanda undirliggjandi hlutabréfa er lækkað, þannig að lækkunarfé kemur til greiðslu til hluthafa á samningstímanum, skulu þær greiðslur renna til þess samningsaðila sem á kröfu á gagnaðila um afhendingu hluta á lokadegi samnings. Um framreikning og afhendingu andvirðisins fer samkvæmt grein (a) hér að framan.

c) **Útgáfa jöfnunarhluta:** Ef gefnir eru út jöfnunarhlutir í tengslum við undirliggjandi hlutabréf á samningstímabilinu, skal sá fjöldi hluta sem samningurinn hljóðar upp á, aukinn hlutfallslega til samræmis við þá aukningu hluta sem á sér stað með útgáfu jöfnunarhluta.

d) **Hækkun hlutfjár:** Ef hlutfé í útgefanda undirliggjandi hlutabréfa er hækkað og hækkuninni er beint til hluthafa, skal þeim samningsaðila sem á kröfu á gagnaðila um afhendingu hluta á lokadegi, heimilt að skrá sig fyrir nýjum hlutum. Sá aðili verður að óska eftir slíkri áskrift fyrir sína hönd með nægjanlegum fyrirvara.

e) **Atkvæðisréttur:** Sá samningsaðili sem á kröfu á gagnaðila um afhendingu hluta á lokadegi samnings fer með atkvæðisrétt nema um annað hafi verið samið. Nýting atkvæðisréttar er þó háð þeim fyrirvara að hann óski eftir því við skráðan eiganda hlutanna að nýta sér atkvæðisréttinn með nægjanlegum fyrirvara. Atkvæðisréttur fellur niður ef samningur er vanefndur á einhvern hátt.

8.2. Viðskiptamanni er ekki heimilt að loka samningi með óskráðar afleiður fyrir lokadag nema með samþykki Byrs. Byr áskilur sér rétt hvenær sem er fyrir lokadag til að loka samningi um viðskipti með óskráðar afleiður.

9. Skuldajöfnun (nettun) samninga og framsal

9.1. Um skuldajöfnun (nettun) í gjaldeyris- og verðbréfavíðskiptum, þ.m.t. afleiðuviðskiptum og inn- og útlánum, gildir eftirfarandi:

a) Ef samningar sem falla undir skilmála þessa fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi á sama degi með sambærilegri greiðslu, (t.d. sömu mynt eða sömu tegund verðbréfa), er Byr heimilt að krefjast skuldajöfnuðar þannig að einungis greiðist mismunur, ef einhver er.

b) Ef samningar sem falla undir skilmála þessa fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi á sama degi en ekki með sambærilegri greiðslu er Byr engu að síður heimilt að krefjast skuldajöfnunar þannig að einungis greiðist mismunur, ef einhver er. Ef greiðslur eru ekki í sömu mynt getur Byr umreiknað greiðsluna í krónur eða aðra umsamda mynt áður en til skuldajöfnunar kemur.

c) Ef skuldbindingar viðskiptamanns samkvæmt samningi sem fellur undir skilmála þessa eru gjaldfelldar, sbr. grein 10.2, getur Byr beitt skuldajöfnuði á kröfur samkvæmt öllum samningum sem falla undir þessa skilmála þannig að hagnaður og tap hvors aðila um sig verði gert upp í einu lagi og þannig komi einungis mismunur til greiðslu, ef einhver er.

9.2. Um uppgjör samkvæmt þessari grein, þ.e. mat á verðmæti fjármálagerninga og umreikning, fer samkvæmt grein 10.5.

9.3. Krafa um skuldajöfnun samkvæmt (a) eða (b) lið greinar 9.1. skal sett fram með minnst tveggja (2) daga fyrirvara en þó samhliða tilkynningu um vanefnd samkvæmt (c) lið greinar 9.1.

9.4. Með undirritun sinni á skilmála þessa samþykkir viðskiptamaður einnig að kominn sé á skriflegur samningur við Byr í samræmi við V. kafla laga um verðbréfavíðskipti. Samkvæmt því skulu skyldur viðskiptamanns og Byrs samkvæmt afleiðu jafnast hver á móti annarri með skuldajöfnuði, við endurnýjun eða við vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti og halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. og 100. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Jafnframt skal tryggingarréttindum sem sett eru til tryggingar viðskiptum með afleiður ekki verða rift þrátt fyrir ákvæði 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl..

9.5. Viðskiptamaður getur ekki framselt réttindi sín eða skyldur samkvæmt skilmálum þessum eða samningum sem gerðir eru á grundvelli þeirra nema með skriflegu samþykki Byrs.

9.6. Ef viðskiptamaður fellur undir gildissvið laga nr. 46/2005, um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, skal Byr heimilt að skuldajafna og fullnusta samninga gagnvart viðskiptamanni í samræmi við ákvæði þeirra laga.

10. Vanefndir og gjaldfellingarheimildir

10.1. Vanefni viðskiptamaður skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum eða samningum sem vísa til skilmála þessara, án þess að slík vanefnd teljist veruleg, hefur viðskiptamaður tvo (2) bankadaga til að leiðrétta þau atvik sem leiddu til umræddrar vanefndar. Skal sá frestur teljast frá þeim tíma sem vanefnd telst hafa komið upp.

10.2. Byr er heimilt, en ekki skylt, að gjaldfella eða loka samningi og/eða samningum þegar viðskiptamaður vanefnir skuldbindingar sínar verulega. Með gjaldfellingu er átt við að lokadagur samnings er færður fram á gjaldfellingardag. Lokun með móttæðum samningi sem eyðir heildarmarkaðsáhættu skal fara fram á eðlilegu gengi miðað við markaðsgengi, markaðsvesti og kjör viðskiptamanns á þeim tíma. Við útreikning á hagnaði/tapi er tekið mið af markaðsaðstæðum á gjaldfellingardegi.

10.3. Neðangreind tilvik skulu ávallt skoðast sem veruleg vanefnd í framangreindum skilningi:

a) Ef viðskiptamaður hefur ekki bætt úr vanefnd inna tveggja (2) bankadaga, sbr. grein 10.1.

b) Ef viðskiptamaður er í vanskilum við Byr með aðrar skuldbindingar en þær sem falla undir skilmála þessa og hefur ekki bætt úr þeim innan tveggja (2) bankadaga frá því að vanskil hófust eða er ítrekað í vanskilum við Byr.

c) Ef viðskiptamaður leggur ekki fram fullnægjandi tryggingar eða viðbótartryggingar innan tilskilins frests, sbr. 7. gr. eða tap viðskiptamanns fer yfir 80% af markaðsverðmæti trygginga.

d) Ef gert er árangurslaust fjárnám hjá viðskiptamanni, gert er fjárnám í eignum viðskiptamanns, hann óskar eftir greiðslustöðvun, nauðasamningum eða samningum við almenna kröfuhafa um niðurfellingu skulda að hluta, lögð er fram beiðni um gjaldþrotaskipti á búi viðskiptamanns (eða lög heimila eða gera kröfu um að slík beiðni sé lögð fram), beiðni er lögð fram um nauðungarsölu á eignum viðskiptamanns eða fjárhag viðskiptamanns er að öðru leyti þannig háttað að verulegar líkur eru á því, að mati Byrs, að hann muni ekki geta staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum eða þeim samningum sem gerðir hafa verið á grundvelli þeirra.

e) Ef viðskiptamaður vanrækir upplýsingaskyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum, sbr. grein 13.

10.4. Byr tilkynnir viðskiptamanni þegar skuldbinding hans hefur verið gjaldfelld eða samningi/samningum lokað vegna verulegra vanefnda. Slík tilkynning skal send með sama hætti og lýst er í grein 4.1.

10.5. Komi til skuldajöfnunar, gjaldfellingar eða lokunar samnings/samninga annast Byr útreikning á hagnaði/tapi viðskiptamanns af viðeigandi samningi/samningum sem og á verðmæti trygginga, sbr. grein 9.6. Byr skal senda viðskiptamanni þann útreikning eigi síðar en fimmtán (15) dögum eftir gjaldfellingu eða lokun samnings/samninga, geri viðskiptamaður kröfu þess efnis.

10.6. Þegar skuld er í gjalddaga fallin samkvæmt framansögðu er Byr heimilt hvort heldur sem er:

a) að láta selja hið veðsetta nauðungarsölu til fullnustu á skuldinni án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 6. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, að því marki sem þörf er á til að Byr fái fullnaðargreiðslu, eða

b) að selja á markaði eða taka til sín fjármálagerninga að eigin vali að því marki sem þörf er á til fullnustu á kröfum Byrs. Skal verð þeirra þá miðað við markaðsverð þeirra á þeim degi er Byr ákveður að nýta sér heimildina. Við mat á markaðsverðmæti fjármálagerninga sem skráðir eru í kauphöll skal miðað við lokaverð í viðkomandi kauphöll daginn áður en matið fer fram. Hafi verðmyndun þann dag verið óeðlileg að mati Byrs er heimilt að miða verðmatið við lokaverð fleiri viðskiptadaga og taka tillit til veltu fjármálagerninganna einstaka daga. Við mat á markaðsverðmæti óskráðra verðbréfa skal Byr framkvæma verðmat og taka mið af því verði sem leiðandi fjármálafyrirtæki, sem eiga viðskipti við Byr með viðkomandi bréf, greiða fyrir þau.

10.7. Byr er heimilt en ekki skylt að umreikna kröfur í erlendri mynt yfir í íslenskar krónur á gjaldfellingardegi, eða eftir atvikum á gjalddaga kröfu, eða síðar. Skal í slíkum tilvikum miðað við skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands kl. 11:00 á uppgjörstími.

10.8. Viðskiptamaður sem er lögaðili skal greiða dráttarvexti af kröfu Byrs frá og með gjaldfellingardegi í samræmi við neðangreint:

a) Kröfur í erlendum myntum, sem ekki eru umreiknaðar í íslenskar krónur, skulu bera dráttarvexti sem eru 6 prósentustigum hærrí en þeir vextir sem samið var um í viðkomandi viðskiptum. Hafi verið samið um dráttarvexti í samningi um viðskipti skulu þau ákvæði þó gilda.

b) Beri krafan ekki samningsvexti, t.d. vegna þess að um staðgreiðsluviðskipti með verðbréf var að ræða, skulu dráttarvextir vera sem hér segir:

i) Kröfur í öðrum erlendum myntum en evrum skulu bera dráttarvexti sem eru eins mánaðar LIBOR vextir eins og þeir ákvarðast fyrir viðkomandi gjaldmiðil hverju sinni, að viðbættu 6% vanefndaálagi af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Með LIBOR (London Interbank Offered Rate) vöxtum er átt við vexti á millibankamarkaði í London eins og þeir eru auglýstir kl. 11:00 að staðartíma í London á BBA-síðu Reuters. Komi viðkomandi gjaldmiðill ekki almennt fram í vaxtatöflu BBA, skuli vextir taka mið af öðrum vöxtum á millibankamarkaði eða gjaldmiðlaskiptamarkaði sem Byr gefur upp hverju sinni.

ii) Kröfur í evrum skulu bera dráttarvexti sem eru eins mánaðar EURIBOR vextir eins og þeir ákvarðast hverju sinni, að viðbættu 6% vanefndaálagi af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Með EURIBOR (European Interbank Offered Rate) vöxtum er átt við vexti á millibankamarkaði í aðildarríkjum Evrópska myntbandalagsins eins og þeir eru auglýstir kl. 11:00 að staðartíma í Brussel á EURIBOR01 síðu Reuters.

c) Kröfur í íslenskum krónum eða kröfur sem umreiknaðar hafa verið í íslenskar krónur skv. þessari grein skulu bera dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá og með gjalddaga til greiðsludags.

10.9. Ef viðskiptamaður er einstaklingur skulu kröfur í íslenskum krónum og erlendum myntum bera dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags.

10.10. Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir fyrsta dag vanskila, hvort sem hún er í krónum eða erlendri mynt.

10.11. Komi til vanefnda af hálfu viðskiptamanns á skyldum hans, skuldbindur viðskiptamaður sig til þess að greiða Byr auk vaxta og/eða dráttarvaxta allan kostnað sem Byr leggur út fyrir vegna vanefndanna, svo sem vegna málsóknar eða annarra réttargjalda, lögmannsþóknunar eða annars lögfræðilegs kostnaðar vegna innheimtu samkvæmt skilmálum þessum, auk kostnaðar samkvæmt gjaldskrá Byr.

10.12. Komi til þess að skuldbindingar viðskiptamanns séu gjaldfelldar eða samningi/samningum lokað, að hluta til eða öllu leyti, er Byr heimilt án frekari fyrirvara að leita fullnustu fyrir kröfum sínum í þeim tryggingum sem viðskiptamaður hefur sett á hvern þann hátt sem Byr kys, m.a. með sölu fjármálagerninga án nauðungarsölu. Byr er í sjálfvald sett hvort leitað er fullnustu í öllum tryggingum sem settar hafa verið eða einungis hluta þeirra og þá í hvaða röð það er gert.

11. Ábyrgð á samningum, skaðleysisfirlýsing

11.1. Með undirritun sinni á skilmála þessa lýsir viðskiptamaður því yfir að honum er ljóst að þau viðskipti sem hann kann að eiga við Byr og sem falla undir skilmála þessa geta verið sérstaklega áhættusöm. Áhætta af fjárfestingum viðskiptamanns veltur t.d. á því verðflökti sem kann að vera á fjármálamörkuðum hérlendis sem erlendis með viðkomandi fjármálagerninga. Viðskiptamaður skal forðast að stunda viðskipti með fjármálagerninga ef hann er ekki meðvitaður um þá áhættu sem fylgir gerningunum. Ber viðskiptamanni því að afla sér ráðgjafar utanaðkomandi sérfræðinga telji hann hennar þörf. Viðskiptamaður lýsir því sérstaklega yfir með undirritun sinni að vera það ljóst að meiri áhætta felst í viðskiptum með óskráð verðbréf en skráð verðbréf. Er það m.a. í ljósi þess að engar áreiðanlegar upplýsingar eru fyrir hendi um útgefendur þeirra, og seljanleiki og verðmyndun er oft minni en skráðra verðbréfa, sem getur leitt til þess að lengri tíma getur tekið að koma óskráðum verðbréfum í verð og meiri óvissa fylgir

verðlagningu þeirra. Ennfremur gerir viðskiptamaður sér grein fyrir því að mikil áhætta er fólgin í viðskiptum með afleiður. Nánar upplýsingar um þá áhættu sem fylgir því að eiga viðskipti með mismunandi fjármálagerninga er að finna á vefslóðinni www.byr.is. Viðskiptavinur getur einnig óskað eftir því að fá þessar upplýsingar afhentar.

11.2. Viðskiptamaður gerir sér grein fyrir að í viðskiptum Byrs sem falla undir skilmálana felst hvorki viðskiptavakt né eignastýring fyrir viðskiptamann. Af því leiðir að Byr ábyrgist ekki tilkynningar til viðskiptamanns um stöðu samninga eða lokun þeirra við ákveðin mörk, nema samið sé sérstaklega um slíkt með þeim sérstöku og almennu fyrirvörum sem kunna að gilda hverju sinni. Það er því alfarið á ábyrgð viðskiptamanns að fylgjast með stöðu og þróun þeirra samninga sem hann hefur gert við Byr.

11.3. Hafi Byr notast við þriðja aðila við framkvæmd viðskiptafyrirmæla viðskiptamanns, mun Byr ekki bera ábyrgð á athöfnum eða athafnaleysi þriðja aðilans nema í þeim tilfellum sem Byr hefur ekki gætt að reglum um bestu framkvæmd við val á þriðja aðilanum. Hafi Byr notast við ákveðinn aðila skv. fyrirmælum frá viðskiptamanni ber Byr ekki ábyrgð á athöfnum þess aðila eða athafnaleysi undir neinum kringumstæðum.

11.4. Byr ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu meintu tjóni eða tapi viðskiptamanns vegna breytinga á gengisþróun, svo sem verðbréfa eða gjaldeyris, í kjölfar gjaldfellingar, t.d. ef viðskiptamaður hefði hagnast á gengisþróun ef ekki hefði komið til gjaldfellingar.

11.5. Þar sem markaðsaðstæður geta breyst verulega á skömmum tíma getur Byr ekki ábyrgst að unnt sé að afgreiða beiðni viðskiptamanns um gerð samnings eða að geta afgreitt beiðni um viðskipti á umbeðnu gengi eða umbeðnu verðbili. Byr ber ekki ábyrgð á því tjóni eða tapi sem viðskiptamaður kann að verða fyrir við það að beiðni um gerð samnings eða einstök viðskipti sé afgreidd á óhagstæðara gengi en beiðnin gerði ráð fyrir, t.d. vegna gengisþróunar á þeim tíma sem það tekur að afgreiða beiðnina eða vegna tæknilegra örðugleika sem upp kunna að koma við afgreiðslu beiðni viðskiptamanns. Þetta ákvæði á þó eingöngu við í undantekningartilvikum þegar Byr getur ekki fest gengi tiltekinna viðskipta sem viðskiptamaður óskar eftir vegna hraðra breytinga markaðsaðstæðna og þrátt fyrir eðlileg viðbrögð starfsmanna Byrs í samræmi við reglur Byrs um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

11.6. Byr ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi er viðskiptamaður kann að verða fyrir ef skattur sem halda ber eftir af greiðslu til viðskiptamanns er ekki haldið eftir eða skatti er ranglega haldið eftir. Verði skattur og/eða opinber gjöld lögð á samning eða einstök viðskipti sem falla undir skilmála þessa skal viðskiptamaður greiða þau viðbótargjöld þannig að Byr fái að fullu greidda hverja þá fjárhæð sem Byr ber að fá greidda samkvæmt viðkomandi samningi eða viðskiptum, sbr. grein 6.4.

11.7. Byr ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi er viðskiptamaður kann að verða fyrir sem orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tækjum eða tölvubúnaði Byrs eða af öðrum hliðstæðum orsökum, s.s. við notkun á póstkerfi, síma, swift, telexi, símbréfi (faxi) eða tölvupósti. Þá er Byr ekki ábyrgt fyrir tjóni eða tapi sem orsakast beint eða óbeint vegna upplýsinga, þjónustu eða aðgerða þriðja aðila.

12. Upplýsingaskylda Byrs

12.1. Byr skal afhenda/senda viðskiptamanni kvittun fyrir sérhver kaup og sölu verðbréfa og gjaldeyris sem gerð eru fyrir viðskiptamann innan tíu (10) daga frá því að viðskiptin áttu sér stað. Með kvittun er einnig átt við rafræna staðfestingu. Hafi viðskiptamaður ekki gert skriflegar athugasemdir við kvittun eða yfirlit innan þrjátíu (30) daga frá dagsetningu þeirra lítur Byr svo á að þau hafi að geyma réttar upplýsingar, nema um augljósar villur sé að ræða. Komi villur í ljós skulu þær leiðréttar og tilkynning send þess efnis.

12.2. Komi til gjaldfellingar samnings, eða viðskiptamaður vanefnir greiðslu á gjalddaga, skal Byr senda viðskiptamanni tilkynningu um útreikning Byrs á greiðsluskyldunni og eftir atvikum verðmæti trygginga sem gengið hefur verið að. Tilkynningin skal send innan tuttugu og eins (21) dags frá gjalddaga, gjaldfellingu eða þeim degi sem gengið var að tryggingu.

12.3. Byr mun reglulega senda viðskiptamanni yfirlit yfir þá þjónustu sem Byr veitir honum. Yfirlitið mun m.a. geyma upplýsingar um kostnað við þjónustuna þar sem við á. Þessar upplýsingar verða sendar eins oft og krafist er lögum samkvæmt, eða eins oft og Byr og viðskiptamaður komast að samkomulagi um.

12.4. Byr hefur sett sér reglur um hagsmunaárekstra þar sem gerðar eru ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra milli Byrs og viðskiptamanns annars vegar og til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra milli viðskiptamanna Byrs hins vegar. Sjái Byr fram á að ráðstafanir Byrs muni ekki veita fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna viðskiptamanns sé nægjanlega gætt, mun Byr upplýsa viðskiptamanninn um eðli og ástæður hagsmunaárekstranna áður en til viðskipta verður stofnað milli Byrs og viðskiptamannsins.

13. Upplýsingaskylda viðskiptamanns

13.1. Viðskiptamanni er skylt að tilkynna Byr þegar í stað um allt það er kann að hafa áhrif á viðskiptasamband aðila, þ.á m. um allar fyrirliggjandi eða fyrirsjáanlegar vanefndir eða öll atvik er leitt gætu til vanefnda, hvort sem er samkvæmt skilmálum þessum eða öðrum skilmálum eða samningum milli aðila. Þá er viðskiptamanni skylt að tilkynna Byr ef hann er eða verður innherji í félagi sem skráð er á markaði eða ef aðrar sambærilegar ástæður takmarka heimild viðskiptamanns til að eiga viðskipti með ákveðna fjármálagerninga.

13.2. Viðskiptamanni er skylt að tilkynna Byr tafarlaust ef breytingar verða á áður veittum upplýsingum um hann, þar á meðal upplýsingum sem leitt geta til þess að flokkun Byr á honum sem, almennur fjárfestir, fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili, gæti breyst.

13.3. Viðskiptamanni er ljóst að til þess að uppfylla skilyrði sín skv. lögum um verðbréfavíðskipti m.a. um mat á hæfi fjármálagerninga, er Byr skylt undir vissum kringumstæðum að afla upplýsinga um m.a. fjárhagslega stöðu viðskiptamanns, reynslu af fjárfestingum, markmið með fjárfestingum o.fl. Viðskiptamanni er ljóst að Byr er heimilt að byggja mat sitt á þeim upplýsingum sem Byr fær frá viðskiptamanni og að Byr mun ekki leggja sjálfstætt mat á það hvort að upplýsingar frá viðskiptamanni eru réttar eða ekki.

13.4. Viðskiptamaður skuldbindur sig til að tilkynna Byr án tafar ef breytingar verða á útgefnu umboði sem afhent hefur verið Byr. Ef viðskiptamaður er lögaðili skuldbindur hann sig til að tilkynna Byr þegar í stað ef breytt er um framkvæmdastjórn og/eða prókúruhafa, ef tilgangi lögaðila er breytt sem og ef einhverjar breytingar verða á starfsemi lögaðila sem geta haft áhrif á samninga milli aðila. Viðskiptamaður skal tilkynna Byr án tafar um slíka ákvörðun. Uppsagnarfrestur skal vera fimmtán (15) dagar frá því Byr tilkynnir viðskiptamanni um ákvörðun sína um að segja viðskiptum upp. Allir samningar skulu þá falla í gjalddaga strax að liðnum uppsagnarfresti og skal fjárhagslegt uppgjör fara fram þá þegar.

13.5. Ef viðskiptamaður er lögaðili og tekur ákvörðun um að sameinast öðru félagi eða félögum, skipta félaginu upp í fleiri sjálfstæð félög, breyta starfsemi sinni þannig að þörf verði á breytingum á tilgangi félags í samþykktum þess, eða ef veruleg breyting verður á eignaraðild í félaginu (viðskiptamanns), er Byr heimilt að segja upp öllum viðskiptasamningum sem eru í gildi milli aðila, telji Byr að slíkar breytingar hafi verulega neikvæð áhrif á rekstrargrundvöll/fjárhagsstöðu félagsins/viðskiptamanns eða getu þess/hans til að standa við skuldbindingar sínar.

13.6. Við andlát viðskiptamanns, eða slit hans sé viðskiptamaður lögaðili, skal gera Byr viðvart og skal þar til bær aðili upplýsa Byr um ráðstöfun réttinda og skyldna viðskiptamanns. Hafi Byr ekki fengið slíkar upplýsingar innan fimm (5) bankadaga frá andláti eða slitum viðskiptamanns skulu áður gefnar upplýsingar, svo sem um heimildir til að koma fram fyrir hönd viðskiptamanns, teljast réttar. Auk þess er Byr þá heimilt, en ekki skylt, að gjaldfella og/eða loka öllum samningum viðskiptamanns við Byr.

14. Trúnaður og óhlutdrægni

14.1. Byr ber að gæta fyllsta trúnaðar gagnvart viðskiptamanni um öll viðskipti hans við Byr og önnur atriði er varða hag hans og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómstóll úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða til lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

14.2. Viðskiptamaður veitir Byr ennfremur heimild til að miðla upplýsingum til Yfirtökunefndar, geri nefndin kröfu til slíks, sbr. 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

15. Ýmis ákvæði

15.1. Skilmálar þessir og þeir samningar sem gerðir eru á grundvelli þeirra lúta íslenskum lögum, sbr. t.d. lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði og lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Komi upp ágreiningur við túlkun skilmála þessara eða samninga sem gerðir eru á grundvelli þeirra skal dómsmál um ágreininginn rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

15.2. Viðskiptamaður getur jafnframt lagt ágreining við túlkun skilmála þessara eða samninga sem gerðir eru á grundvelli þeirra fyrir Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki ef ekki hefur tekist að leysa ágreiningsefnið með sátt innan fjögurra vikna frá því að ágreiningsefnið var borið skriflega upp við Byr.

15.3. Komi upp ósamræmi milli skilmála þessara og ákvæða í samningi sem gerður er á grundvelli þeirra skulu ákvæði samningsins gilda. Undirritun skilmála þessara kemur ekki í veg fyrir að Byr og viðskiptavinur undirriti ISDA rammameningu um afleiðuvíðskipti eða aðra sambærilega rammameninga. Í slíkum tilvikum skulu ákvæði rammameninga ganga frammar að því marki sem þau eru ósamrýmanleg ákvæðum skilmála þessara enda ákvæði aðilar ekki annað.

15.4. Byr áskilur sér rétt til að fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta þeim hvenær sem er. Þýðingarmiklar breytingar á skilmálum þessum verða tilkynntar skriflega og er litið svo á að viðskiptamaður hafi fallist á ákvörðun Byrs hafi skrifleg athugasemd viðskiptamanns ekki borist innan þrjátíu (30) daga frá dagsetningu tilkynningar Byrs. Hafi viðskiptamaður gefið Byr upp tölvupóstfang sitt er litið svo á að hann hafi samþykkt að vera tilkynnt um breytingar á skilmálum þessum með tölvupósti. Aðrar breytingar verða taldar taka gildi frá og með þeim tíma sem þær eru birtar á heimasíðu Byr á vefslóðinni www.byr.is. Breytingar á skilmálum þessum munu ekki hafa áhrif á gerninga sem hafnir eru eða lokið fyrir þann tíma sem breytingarnar eru gerðar opinberar.

15.5. Óski viðskiptamaður eftir því að slíta viðskiptasambandi sínu við Byr skal hann tilkynna Byr um það skriflega og mun Byr þá ljúka þeim viðskiptum og/eða gerningum sem hafnir voru fyrir þann tíma er tilkynning barst. Við slit viðskiptasambands heimilar viðskiptamaðurinn Byr að gera upp allan ógreiddan kostnað viðskiptamannsins og draga frá inneignum viðskiptamannsins hjá Byr.

Undirritaður viðskiptamaður staðfestir að hann hafi mótttekið skilmála þessa, kynnt sér efni þeirra og sættir sig við þá að öllu leyti. Viðskiptamaður gerir sér einnig grein fyrir því og samþykkir að skilmálar þessir eru hluti af þeim samningi sem gerður verður milli hans og Byrs hverju sinni:

SKRIFIST MEÐ PRENTSTÖFUM

Dagsetning: _____

Viðskiptamaður: _____

Kennitala: _____

Ríkisfang: _____

Aðsetur: _____

Póstnúmer og staður: _____

Skattalegt heimilisfesti: _____

Netfang: _____

Sími: _____

Símbréf: _____

Undirritun:

Ef lögaðili:

Ef einstaklingur:

Í stjórn lögaðila:

Viðauki 1

við almenna skilmála fyrir markaðsviðskipti við Byr hf. dags. 10. janúar 2008, milli Byr hf., kt. 620410-0200, Borgartúni 18, 105 Reykjavík og

_____ (e)hf., (félagsins) kt. _____

Stjórn félagsins staðfestir hér með umboð til handa eftirtöldum starfsmönnum sínum til að eiga viðskipti við Byr, í samræmi við almenna skilmála Byrs um markaðsviðskipti frá 10. janúar 2008 og rita undir samninga fyrir hönd félagsins:

Nafn starfsmanns:

Starfsheiti:

Sími:

Fax:

Netfang:

Rithandarsýnishorn: _____

Nafn starfsmanns:

Starfsheiti:

Sími:

Fax:

Netfang:

Rithandarsýnishorn: _____

Allt það sem hver ofangreindra starfsmanna gerir samkvæmt umboði þessu skal vera jafngilt og stjórn félagsins hafi sjálf gert það.

Umboð ofangreindra starfsmanna gilda þar til þau hafa verið afturkölluð skriflega af stjórn félagsins og afturköllunin verið send Byr með sannanlegum hætti. Félagið verður því bundið við alla samninga sem ofangreindir aðilar kunna að stofna til, þar til gild afturköllun berst til Byrs.

Óski félagið eftir því að fá öðrum starfsmanni/starfsmönnum sínum umboð til að gera samninga við Byr, öðrum en þeim sem upptaldir eru hér að framan, tekur Byr slík umboð aðeins gild hafi þau verið undirrituð af stjórn félagsins og þau hafi verið send Byr með sannanlegum hætti.

Staður og dagsetning

Í stjórn _____ (e)hf.:

Vottar að rétttri dagsetningu
og undirritun aðila:

Nafn, kennitala

Nafn, kennitala